

14. SEP. 2012

Bréfalykill: 15.11

Undirritaðir, Jón Bjarnason, eigandi jarðarinnar Lauga í Hvammssveit, Dalasýslu, og framkvæmdanefnd heimavistarskólans að Laugum f.h. skólans, gera með sér svofelldan

s a m n i n g :

1. gr.

Jón Bjarnason selur skólanum til fullrar eignar og afnota til sekuntulítra af heitu vatni, sem borað hefur verið fyrir við túnid að Laugum. Vatn þetta er keypt í samræmi við álitargerð Sveins Einarssonar, verkfræðings, dags. 13. apríl 1966. Aukist hitastig í borholunni síðar m.a. vegna endurborunar hennar og fðbrunar, orkar það ekki til hekkunar á kaupverð vatnsins, enda greiðir skólinn kostnað við slíkar framkvæmdir.

Skólinn skal haga vatnstöku sinni á þá lund, að ekki skerðist aðstaða jarðareiganda til að taka heitt vatn til sinna þarfa úr opnum lindum jarðarinnar svo sem verið hefur að undanförunu.

2. gr.

Verð hins selda vatns skal vera 1.100.000.00 - ein milljón og eitt hundrað þúsund krónur - og hefur verið samið um greiðslu þeirrar fjárhæðar við undirskrift þessa sannings.

3. gr.

Reimil er skólanum borun eftirleiðis hvar sem er á hitasvæði jarðarinnar með eftirtöldum skilmálum:

- a) Öll borun í þáru skólalahaldsins skal vera á kostnað skólans, þó þannig, að tillit skal tekið til borunarkostnaðar við mat á jarðvarma þeim, sem skólinn kaupir. Skólinn ber ábyrgð á skemmdum, sem verða kunna á landi eða mannvirkjum við borun og aðveitu til skólans.

- b) Náist fullnægjandi árangur af borun, skal skólinn greiða samkvæmt mati fyrir það vatn, sem hann fengi til sinna þarfa umfram það vatnsmagn, sem hann hefur eignast með samningi þessum. Það vatn, sem nú er umfram eða verða kann umfram eign skólans við síðari boranir, verður eign jarðareiganda, en honum skal skylt að greiða hlutfallslegan kostnað við síðari boranir, þegar hann tekur það vatn til afnota eða selur það öðrum en skólanum.
- c) Virkjun og aðveita á heitu vatni til skólans skal vera jarðareiganda að kostnaðarlausu, þó þannig, að tillit skal tekið til virkjunarkostnaðar við mat á vatni því, sem skólinn kaupir síðar. Virkjun skal þannig hagað, að jarðareigandi eigi greiðan aðgang að því vatni, sem er í hans eigu, þegar hann taki það til notkunar. Skal það gert í samráði við skólayfirvöld og skólanum að kostnaðarlausu.

4. gr.

Komi í ljós, að borholan skili ekki þeim jarðvarma, sem keyptur er skv. 1. gr. þessa samnings, á skólinn rétt á að fá það vatnsmagn, sem á vantar úr síðari borunum eða af vatni, sem tiltekt kann að vera án borana, án þess sérstök greiðsla komi fyrir til jarðareiganda. Þó skal ekki nær gengið jörðinni um vatnstöku en svo, að eftir verði fyrir jarðareiganda án endurgjalds 3 sekuntulítrar af jafn heitu vatni og skólinn hefur til afnota. Skólinn skal hafa forkaupsrétt að heitu vatni, sem jarðareigandi kann að hafa til ráðstöfunar og skal greiða fyrir það vatn skv. mati.

5. gr.

Skólinn skal jarðareiganda að kostnaðarlausu sjá sundlaug á staðnum fyrir heitu vatni, annað hvort með afrennslisvatni eða á annan viðunandi hátt.

6. gr.

Kostnaður allur við athuganir og samninga í sambandi við yfirtöku hitaréttindanna, þ.á. m. kostnaður við verkfræðilegar álitagerðir, þóknun til lögmanna fræðslumálastjórnar, viðkomandi hreppa og jarðareiganda, greiðist sem stofnkostnaður skólans.

7. gr.

Fyrir fortíðarafnót heita vatnsins í þágu skólans þ.e. frá upphafi og til þessa dags, greiðist jarðareiganda sem fullnáðargreiðsla í eitt skipti fyrir 811 kr. 30.000.00 - þrjátíu þúsund krónur --.

8. gr.

Mál út af samningi þessum má reka fyrir aukadómþingi Dalaáslu, án undanganginnar sáttumleitunar hjá sáttanefnd.

9. gr.

Til staðfestu eru nöfn aðila undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík, 4. nóvember 1966.

Vottar að undirskrift
Jóns Bjarnasonar.

Jóns Bjarnason
Róvaldur Þórhásson

Jón Bjarnason

Laugum, Hvammsveit
f.h. heimavistarskólans að
Laugum, skv. umboði.

Vottar að undirskrift
framkvæmdanefndar skólans:

Trislin Þ. Þómasdóttir
Þórunn Kristjánsdóttir

Trislin Þ. Þómasdóttir
Þórunn Kristjánsdóttir
Róger Bjarnason